

**Fundargerð 27. fundar  
bæjarráðs  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
10. júlí 2019 , kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Pálmi Steinar Guðmundsson, Álfhildur Sigurjónsdóttir og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir**, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.  
Jón Ben Einarsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs sat fundinn undir fyrstu tveimur dagskráðliðunum.

**1. Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019 - 1902074**

Minnisblað frá sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

*Afgreiðsla:*

*Sviðsstjóri fór yfir framkvæmdaáætlun ársins 2019.*

*Lagt var fram minnisblað frá sviðsstjóra varðandi framkvæmdir við hringtorg við Byggðaveg. Bæjarráð samþykkir að viðhaft verið lokað útboð/verðkönnun vegna framkvæmdanna við hringtorgið í samræmi við minnisblaðið.*

**2. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga- fjárfesting og eftirlit með framvindu 2019 - 1903062**

Erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir yfirliti yfir stöðu einstakra verkefna sveitarfélagsins í árslok 2019.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarstjóra falið að kynna erindið sviðsstjórum og vinna áfram.*

**3. Samþykkt stjórnar sambandsins vegna erindis ASÍ um áhrif hækkunar fasteignamats og hugsanleg viðbrögð sveitarfélaga - 1906047**

Erindi frá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Afgreiðsla:*

*Erindið lagt fram.*

**4. Almenningsbókasafnið í Garði tímabundin lokun - 1907010**

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnsýslusviðs.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð lýsir ánægju sinni með samvinnu starfsfólks bókasafnanna í Suðurnesjabæ við að tryggja íbúum bæjarfélagsins og þá sérstaklega íbúum í Garði sem besta þjónustu í því ástandi sem skapast hefur vegna tímabundinnar lokunar bókasafnsins í Garði. Bæjarráð leggur áherslu á að sú þjónusta sem í boði verður verði kynnt íbúum hið fyrsta.*

**5. Nordregio - heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna - 1907011**

Til kynningar.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Staða í samningarmálum - 1907016**

Erindi frá Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis.

*Afgreiðsla:*

*Líkt og önnur sveitarfélög hefur Suðurnesjabær framselt samningsumboð sitt til Sambands íslenskra sveitarfélaga og því er sveitarfélaginu ekki heimilt að hafa afskipti af deilunni á meðan samningsumboðið er hjá sambandinu.*

**7. Stækkun Keflavíkurfluvallar - drög að matsáætlun - 1807105**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun Isavia um stækkun Keflavíkurflugvallar.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð tekur undir það álit bæjarstjórnar Reykjanesbæjar að Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja taki til skoðunar þær afleiðingar sem flugvöllur í Hvassahrauni myndi hafa fyrir Suðurnesin.*

**8. Úttekt Reykjanes Geopark 2019 - 1907025**

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnisýslusviðs um fyrirhugaða úttekt UNESCO á jarðvanginum nú í júlí.

*Afgreiðslu:*

*Bæjarráð leggur áherslu á mikilvægi þess að Jarðvangurinn njóti áfram vottunar UNESCO sem einstakt landfræðilegt jarðsvæði með minjum á heimsvísu og hvetur bæjarfulltrúa, embættismenn og íbúa til að kynna sér hann nánar.*

**9. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga - 1907032**

Lagt fram.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð hvetur kjörna fulltrúa til að kynna sér dagskrá þingsins og sækja það hafi þeir tök á. Þá telur bæjarráð mikilvægt að það starfsfólk sveitarfélagsins sem fer með mannauðsmál mæti á landsfundinn.*

**10. Samstarf safna - ábyrgðarsöfn - 1907038**

Erindi frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð samþykkir að Suðurnesjabær taki þátt í fýsileikakönnun vegna samstarfs safna sem er unnin í tengslum við byggðáætlun 2018-2024. Erindinu vísað til ferða-, safna- og menningarráðs til kynningar.*

**11. Þjóðskrá Íslands - fasteignamat 2020 - 1907039**

Upplýsingar um fasteignamat fyrir árið 2020.

27. fundur bæjarráðs  
11.07.2019

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

*Bæjarráð leggur áherslu á að í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2020 verði leitast við að milda áhrif hækkunar fasteigmats í gjaldskráum Suðurnesjabæjar með sama hætti og gert var fyrir árið 2019.*

**12. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110**

10. fundur dags. 27.06.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Mál nr. 3 í fundargerð staðfest.*

*Mál nr. 4 í fundargerð staðfest.*

**13. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057**

745. fundur stjórnar dags. 24.06.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

**14. Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga - 1901021**

2. fundur dags. 02.05.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Bæjarráð tekur undir áherslur öldungaráðs á þróun og uppbyggingu dagdvalarrýma í heimabyggð, heilsueflandi heimsóknir fyrir eldri borgara og almenna heilsueflingu og virkni eldri borgara.*

**15. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109**

872. fundur stjórnar dags. 21.06.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

**16. Fasteignafélag Sandgerðis fundargerðir 2019 - 1906050**

Fundur stjórnar dags. 26.06.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

Fundi slitið kl. 18:10.

27. fundur bæjarráðs  
11.07.2019

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Pálmi Steinar Guðmundsson

---

Álfhildur Sigurjónsdóttir

---

Bergný Jóna Sævarsdóttir